

## Minnisblað, september 2018

**Til:** Fræðslustjóra, fjármálastjóra

**Afrit:**

**Frá:** Rekstrarstjóra fræðsluþjónustu


**Dags.:** 11.09.2018

**Málsnúmer:**

**Efni:** Íbúaþróun og skólahverfi


Í þessu minnisblaði verður farið yfir íbúaþróun í sveitarfélaginu, einstakra skólahverfa og fjölda barna á leikskólaaldri í hverju grunnskólahverfi. Þær fjöldataölur sem birtast hér eru teknar úr þjóðskrá í janúar-febrúar á hverju ári.

Frá 2013 hefur íbúum fjölgað úr 26.862 í 29.442 eða um 9,6%. Mikil aukning var í fæðingum á árunum 2008-2012. Í haust fer síðasti stóri árgangurinn í grunnskóla eða um 426 börn og eru næstu árgangar einungis 366-381 að stærð.



Íbúum á grunnskólaaldri hefur því fjölgað um 9% á þessu tímabili, íbúum 2-5 ára fækkað um 15% en íbúum 6-7 ára og eldri fjölgað um 27%.

## Samtals - Fjöldi íbúa



Í umræðunni síðustu ár hefur verið einblínt á einstaka skólahverfi er varðar fjölda leikskólaplássa og nemendur í því hverfi. Í meðfylgjandi töflum og glærum er ætlunin að taka saman stöðuna í öllum skólahverfum sveitarfélagsins. Það er mat undirritaðs að heildina þurfi að skoða áður en tekin er ákvörðun um kostnaðarsama fjárfestingu í einstaka hverfum.


Í næstu töflu er yfirlit yfir fjölda íbúa í hverju skólahverfi á leikskólaaldri skv. þjóðskrá núna í haust skv. innritunarreglu. (Yngstu börnin eru fædd í maí 2017) og fjöldi leikskólaplássa í hverju hverfi. Samtals leikskólapláss eru 1.701 og var fækkað í haust í samræmi við nýja rýmisáætlun. Heildarfjöldi skv. þjóðskrá er 1.683 nemendur. Niðurstaðan er sú að í grunnskólahverfi Víðistaðaskóla eru 185 laus pláss miðað við íbúafjölda og á Völlum og Skarðshlíð 142 plássum færri en fjöldi barna á innritunardri. Í grunnskólahverfi Öldutúnsskóla vantar 112 pláss.

Grunnskólahverfi	2013	2014	2015	2016	2017	Samtals	Pláss	Laus pláss +
Engidalsskóli	33	37	35	31	9	145		
Víðistaðaskóli	36	29	39	22	14	140		
<b>Víðistaðaskóli</b>	<b>69</b>	<b>66</b>	<b>74</b>	<b>53</b>	<b>23</b>	<b>285</b>	<b>470</b>	<b>185</b>
Lækjarskóli	42	42	46	35	16	181	155	-26
Öldutúnsskóli	55	51	51	51	24	232	120	-112
Setbergsskóli	38	43	33	36	13	163	195	32
Áslandsskóli	39	41	35	36	14	165	250	85
Hvaleyrarskóli	44	53	53	51	17	218	214	-4
Hraunvallaskóli	77	78	74	84	24	337		
Skarðshlíðarskóli	20	30	21	22	9	102		
<b>Vellir+Skarðshlíð</b>	<b>97</b>	<b>108</b>	<b>95</b>	<b>106</b>	<b>33</b>	<b>439</b>	<b>297</b>	<b>-142</b>
<b>Samtals:</b>	<b>384</b>	<b>404</b>	<b>387</b>	<b>368</b>	<b>140</b>	<b>1.683</b>	<b>1.701</b>	<b>18</b>


h

Hverfunum í sveitarfélaginu má skipta upp í 2 hópa, það eru gömlu hverfin í Víðistaða-, Öldutúns, Hvaleyrar- og Setbergsskólahverfin. Þar hefur meðaltal grunnskólabarna staðið í stað á tímabilinu þrátt fyrir fjölgun og svo nýbygginarsvæðin þar sem ungt fólk með börn hefur flust inn.

Það grunnskólahverfi sem hefur verið mikið í umræðunni, grunnskólahverfi Öldutúnsskóla, sker sig ekki úr fyrri hópnum. Íbúum fjölgað um 227 á tímabilinu og börnum 2-16 ára fækkar hlutfallslega.



Í skólahverfi Áslandsskóla eru miklar breytingar að eiga sér stað eins og spáð hefur verið um. Íbúum á grunnskólaaldri hefur fækkað á tímabilinu og mikil fækkun hefur verið á aldersbilinu 2-5 ára.



Hafa þarf í huga að öll börn sem ekki fá inngöngu í leikskóla í sitt hverfi á fyrsta ári geta sótt um flutning í hverfið á næstu árum leikskólagöngu. Ef það á að fara í miklar fjárfestingar í einu hverfi þarf að svara því hvað eigi að gera við viðbótarpláss í öðrum hverfum. Einnig þarf að skoða hvort stækkunarmöguleikar séu í þeim leikskólum sem fyrir eru í sveitarfélaginu og nýta þá um leið á innviði sem þar eru í fjárfestingu og mannaði.

Guðmundur Sverrisson, 11.09.2019